



Akraneskaupstaður
b.t. bæjarráðs
Stilholti 16-18
300 Akranes

Akranesi, 23. apríl 2018

1801200 SDA/aó

Efni: Viðauki nr. 1 við fjárhagsáætlun 2018

Í fylgiskjöllum sem fylgja þessu bréfi eru gerðar tillögur að viðauka nr. 1 við fjárhagsáætlun fyrir árið 2018. Tillögurnar byggja m.a. á samþykktum bæjarstjórnar og bæjarráðs á tímabilinu 01. janúar til og með 31. mars 2018. Hluti tillagna frá bæjarráði gera ráð fyrir lækkun á handbæru fé A- hluta um nettó kr. 23.540.000.

Áætluð fjárfesting er lækkuð um 29,442 m.kr, eignarhluti í félögum hækkar um 61,140 m.kr. og greidd lífeyrisskuldbinding hækkar um 10 m.kr. Tekið var nýtt lán að upphæð 372.000.000 krónur og lán á milli aðalsjóðs og eignasjóðs að upphæð 384.000.000 krónur var fellt út. Þessar breytingar verða til þess að handbært fé A- hluta hækkar úr 995.496 þús/kr. í 1.343.956 þús/kr. eða um kr. 348.460 þús/kr.

Einnig eru settar fram tillögur af sviðstjórum, verkefnastjóra og forstöðumönnum um tilfærslur á milli deilda og innan deilda.

Eftirfarandi tillögur sviðsstjóra/verkefnastjóra vegna breytinga á álagningarprósentu fasteignagjalda og hækkunar á viðmiðunartölum í afslætti fasteignaskatts til ellilífeyrispega og öryrkja við afgreiðslu fjárhagsáætlunar árið 2018:

- Áætlaðar tekjur af fasteignaskatti hækkaðar um 16.700.000 krónur
- Áætlaðar tekjur af lóðarleigu lækkaðar um 15.500.000 krónur
- Áætlaðar niðurgreiðslur fasteignagjalda aldraðra hækkaðar um 1.200.000 krónur



Helstu tillögur að breytingum sem hafa áhrif til lækkunar rekstrarafkomu:

- Ekki er um að ræða tillögur til lækkunar rekstrarafkomu.

Helstu tillögur að breytingum sem hafa áhrif til hækkunar rekstrarafkomu:

- Ekki er um að ræða tillögur til hækkunar rekstrarafkomu.

Helstu tillögur að breytingu á fjárfestingu:

- Hækkun á tekjum vegna gatnagerðargjalda v/Brynju fasteignafélags 47.600.000.
- Nettó breyting á fjárfestingu er því 47.600.000 krónur til lækkunar.

Helstu tillögur að breytingu á handbæru fé:

- Greidd lífeyrisskuldbinding hækkar um 10.000.000 krónur vegna breytinga á endurgreiðsluhlutfalli úr 56% í 62%.
- Hækkun á 12% stofnframlagi Akraneskaupstaðar (eignarhluti í félögum) vegna uppbyggingar Bjargs fasteignafélags 61.140.000 krónur.
- Tekið lán hjá Lánasjóði sveitarfélaga að upphæð 372.000.000 krónur.
- Lán sem áætlað var að eignasjóður tæki hjá aðalsjóði að upphæð 384.000.000 krónur var fellt út.
- Nettó breyting á handbæru fé verður því 71.140.000 – (47.600.000+372.000.000) eða krónur 348.460.000 til hækkunar.

Virðingarfyllst,

Andrés Ólafsson

verkefnastjóri stjórnsýslu- og fjármálasviðs

Steinar Adólfsson

sviðsstjóri stjórnsýslu- og fjármálasviðs